



# LANDSSAMBAND smábátæigenda

BANKASTRÆTI 6 PÓSTHÓLF 163  
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922

Alþingi

Erindi nr. B/12 19. apríl 1990

komudagur 2014 1990

**Til Sjávarútvegsnefndar efri-deildar  
Stefán Guðmundsson formaður**


Í bréfum dagsettum 23. mars og 5. apríl 1990 til Sjávarútvegsnefnda Alþingis er ítrekuð afstaða L S varðandi ákveðin atriði bókunar L S sem lögð var fram við afgreiðslu Ráðgjafanefndar á frv. til laga um stjórn fiskveiða. Þar er getið um talsverðan fjölda nýrra smábáta sem eru á leið inn í hópinn aðallega bátar undir 6 brl. en ekki hafa enn verið samþykkt lög þess efnis að stöðva fjölgun þessara báta, þrátt fyrir ítrekaðar óskir L S og yfirlýstan vilja fjölda þingmanna og ráðherra.

Í þeim samningaviðræðum sem áttu sér stað á milli L S og Sjávarútvegsráðuneytisins í janúar s l var sú skoðun margrædd að þessir nýju bátar, auk þeirra sem ekki hefðu fulla viðmiðun yrðu teknir í sérstaka úthlutun. Sú úthlutun mundi ekki lenda alfarið á smábátæigendum heldur yrði notuð sama aðferð, og notuð var í upphafi kvótalaga, þegar skip sem ekki höfðu fulla viðmiðun eða skipstjóraskipti höfðu orðið á voru felld inn í kerfið með því að bjóða upp á sóknarmark sbr. reglugerð nr. 44/1984, sem vísað er til í 7.mgr II kafla í "ákvæði til bráðabirgða" í "frumvarpi til laga um stjórnun fiskveiða. L S lítur svo á að í þessum samningaviðræðum hafi þetta verið almenn skoðun manna og ekki þyrfti að hafa frekari áhyggjur af þessum þætti málsins. Þar sem L S finnst ekki nægilega skýrt kveðið á um þessa hluti í frumvarpinu þyrfti að koma til árétting frá Sjávarútvegsnefndum, ef nefndin á annað borð hefur sama skilning á þessu málefni, í afgreiðslu hennar til áframhaldandi umræðna í deildum.

Sé skyndilega orðið um kúvendingu að ræða í þessu máli sér L S sér ekki annað fært en að draga til baka það samkomulag sem gert var við Sjávarútvegsráðuneytið og hverfa að fyrri tillögum um tilhögun á veiðum smábáta, þ e óbreytt fyrirkomulag með úreldingareglu niðurúr.

## Virðingarfyllt

f. h. Landssambands smábátæigenda

  
Arthur Bogason formaður  
Landssambands smábátæigenda

einnig sent  
Sjávarútvegsnefnd neðri-deildar